

ingsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Lögjöldin greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Nr. 20/1908:

Björn Sigurðsson
 gegn
 Jóni Ólafssyni.

D ó m u r:

Áfryjandinn Björn Sigurðsson bóndi á Litlu-Giljá lögsótti fyrir aukarétti Húnavatnssýslu hinn stefnda, Jón bónda Ólafsson á Sveinsstöðum fyrir brot á lögheimil-uðum forkaupsrétti að hálfendu jarðarinnar Litlu-Giljár, er stefndi seldi öðrum manni vorið 1907, og var málið dæmt í nefndum rétti 2. desbr. f. á. þannig, að stefndi var sýkn dæmdur af kærnum og kröfum áfryjanda og áfryjandi skyldaður til að greiða honum í málskostnað 20 krónur.

Þessum dómi hefir áfryjandiinn skotið til yfirdóms-ins með stefnu dags 6. maí þ. á. og krafist þess, fyrst og fremst, að málinu verði heimvísað til löglegrar með-ferðar og sett í það ástand, er það var í 25. okt. f. á. og áfryjanda dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi, en til vara að kaupgjörningur frá 3. apríl 1907 um sölu hálfendunnar Litlu-Giljár verði ógildur metinn og að áfryjandi öðlist rétt til að ganga inn í kaupin með sömu kjörum og selt hafi verið, að honum verði dæmdar

skaðabætur eftir óvilhallra manna mati, alt að 700 kr., og að honum verði dæmdur málskostnaður eftir reikningi eða mati réttarins. — Stefndi hefir af sinni hálfu ítrekað kröfur sínar fyrir undirréttinum, en þar sem hann hefir eigi gagnáfrýjað málinu, geta þær eigi komið til álita fyrir yfirdóminum nema að því leyti sem þær eru teknar til greina í hinum áfrýjaða dómi, og verður því að skilja orð hans svo, sem hann krefjist staðfestingar á dóminum. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi sér til handa eftir mati réttarins.

Það þykir ekki vera nein ástæða til þess að álíta, að undirdómarinn hefði átt að víkja sæti í málinu ex officio fyrir það, þótt hann gæfi vottorð í málinu sem gjaldheimtumaður landssjóðs um skattgreiðslu af jarðarhálfendu þeirri, er um er rætt í málinu, og verður því heimvísunarkrafa áfrýjanda, sem á þessu er byggð, eigi tekin til greina.

Með kaupsamningi 3. apríl 1907 seldi stefndi manni nokkurum, er ekki kemur við mál þetta að öðru leyti, eign sína. hálfu jörðina Litlu-Giljá fyrir 700 kr. Áfrýjandi var ábúandi hinnar hálfendu jarðarinnar og eigandi hennar varð hann 2. desbr. 1906. Hann telur sig og hafa verið ábúanda á þeirri hálfendunni, er stefndi átti og seldi 3. apríl 1907, og heldur hann því fram, að hann sem leiguliði á henni og eigandi jarðarinnar hálftrar hafi átt forkaupsrétt að hinni seldu jarðarhálfendu samkvæmt lögum nr. 30, frá 20. okt. 1905, en þessi réttur hafi verið brotinn á sér, er stefndi seldi hálfenduna öðrum manni, án þess að bjóða honum hana áður fyrir sama verð og hún var seld fyrir.

Það er þó eigi sannað af áfryjanda og ekki einu sinni beinlínis fullyrt af honum í málinu, að stefndi hafi nokkurn tíma byggt honum jarðarhálfenduna, er seld var, en stefndi hefir neitað því að hann hafi gert það. Það eitt er upplýst um afstöðu áfryjanda til jarðarhelftarinnar, að stefndi hefir síðustu 3 árin lánað honum hús hálfendunnar og tónpart til afnota bréflaust og að því er virðist eftirgjaldslaust, en sjálfur hefir stefndi haldið öðrum umráðum yfir eigninni eða leiguliðanotum af henni að öðru leyti, og hefir hann t. d. slegið engjar hennar eða leigt öðrum þær, og hann hefir verið skrifadur ábúandi jarðarhálfendunnar í opinberum skýrslum og greitt af henni skyldur allar og skatta.

Það verður eigi eftir þessum málavöxtum álitid, að áfryjandi hafi haft byggingu fyrir jarðarhálfendu þeirri, er seld var, eða hafi getað kallast leiguliði á henni, og hann átti því ekki forkaupsrétt að henni sem leiguliði samkvæmt ákvæðum fyrgreindra laga. Að hann var ábúandi og eigandi hinnar hálfendu jarðarinnar gat ekki komið honum að notum í þessu tilliti, með því að það er aðeins leiguliði eða ábúandi þeirrar jarðeignar er selja á, sem forkaupsrétt hefir eftir lögunum.

Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að stefndi hefir með aukaréttardóminum verið sýknaður af kærnum og kröfum áfryjanda, og ber að staðfesta dóm þennan í öllum greinum. — Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að áfryjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afryjandinn, Björn Sigurðsson á Litlu-Giljá greiði stefnda, Jóni Ólafssyni á Sveinsstöðum, í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Málskostnaðurinn greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 38/1908:

Olafur Thorlacius
gegn
sýslumanni A. V. Tulinius.

D ó m u r:

Fyrir yfirdóminum hefir enginn mætt af hálfu stefnda í þessu máli. Með áritun á stefnunni hafa tveir menn, er kalla sig eiðsvarna stefnuvotta í Eskifjarðarhreppi, vottað það »samkvæmt eiði og eftirfylgjandi nöfnum okkar og innsiglum«, að þeir hafi birt stefnuna fyrir stefnda. Innsigli stefnuvotta eru þó eigi undir vottorði þessu, og er birtingarvottorðið þannig ólögmeitt sbr. tilskipun 3. júní 1796, 20. gr. Fyrir því verður ex officio að vísa stefnunni frá yfirréttinum.

Því dæmist rétt vera:

Stefnunni frávísast.